

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 10. október 2025

Mál nr. S-117/2025:

Ákærvaldið

(Fríða Thoroddsen aðstoðarsaksóknari)

gegn

Óla Sigdóri Konráðssyni

(Styrmir Gunnarsson lögmaður)

(Úlfar Freyr Jóhannsson, lögmaður brotapolá)

Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þessa mánaðar, var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Austurlandi, útgefni 19. ágúst síðastliðinn, á hendur Óla Sigdóri Konráðssyni, kt. [...], [...] „fyrir líkamsárás með því að hafa, laugardaginn 9. september 2023, utandyra við [...] í Reykjavík, veist að A, kt. [...], slegið hann ítrekuð högg í andlit og höfuð með þeim afleiðingum að hann hlaut kinnbeinsbrot á vinstra kinnbeini, afmörkuð bólgusvæði á hægri kinnbeini, ofanvert á hægri hluta ennis, ofan á höfði hægri megin við miðlínu, á vinstra kinnbeini, ofanvert á vinstri hluta ennis, ofan við vinstra eyra, aftan við vinstra eyra og á vinstri kjálka, sár og bogalaga skurð niður í undirhúð á höfði hægri megin við miðlínu og bogalaga skurð niður í undirhúð á vinstra kinnbeini“ og að hafa þannig brotið gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í ákæru er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þar er einnig gerð grein fyrir kröfu A um að ákærði greiði honum skaða- og miskabætur, samanlagt að fjárhæð 2.538.323 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af þeirri fjárhæð frá 9. september 2023, til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafan var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags, auk málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti.

Um málsatvik er skírskotað til ákæru.

Ákærði hefur fyrir dómi skýlaust játað að hafa viðhaft þá háttsemi sem honum er gefin að sök og var farið með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála nr. 88/2008 og það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu eftir að aðilum hafði verið gefinn kostur á að tjá sig í stuttu máli um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Sannað er með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við framlögð gögn, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem saksókn á hendur honum tekur til samkvæmt framansögðu og er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Ákærði hefur því unnið sér til refsingar.

Ákærði krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og krefst lækkunar á bótakröfu brotaþola og þóknunar til handa verjanda vegna starfa hans á rannsóknarstigi og eftir málshöfðun.

Ákærði, sem er [...] ára gamall, hefur samkvæmt því sem greinir á fyrirbyggjandi saka-vottorði ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Þá horfir það honum einnig til málsbóta að hann hefur gengist við broti sínu fyrir dómi, en það gerði hann einnig við rannsókn málsins. Á hinn bóginn bera gögn málsins með sér alvarleika atlögu hans að brotaþola sem beindist að höfði með fyrrgreindum líkamlegum afleiðingum fyrir brotaþola, auk andlegra afleiðinga sem ráða má af málgögnum og grein var gerð fyrir á dómþingi. Samkvæmt framansögðu, sbr. þar á meðal í ljósi 2., 3., 5. og 8. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 218. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði. Að öllu virtu, þar með talið með hliðsjón af því að nokkuð er um liðið frá atvikum og því að ákærði hefur greiðlega gengist við sakargiftum samkvæmt, þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Af hálfu brotaþola er samkvæmt því sem að framan greinir krafist bóta úr hendi ákærða auk vaxta vegna háttsemi ákærða í hans garð, auk málskostnaðar. Í greinargerð um kröfuna er hún meðal málsástæðna sundurliðuð á þann veg að krafist er 2.000.000 króna í miskabætur samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, 46.501 krónu vegna læknakostnaðar brotaþola og 11.900 króna vegna tjóns á fatnaði, auk 500.000 króna lögmannskostnaðar. Samtala þeirra fjárhæða er 2.558.401 króna, andspænis 2.538.323 krónum í dómkröfuhluta greinargerðarinnar sem tekinn er upp í ákæru. Í því ljósi er lagður dómur á kröfu brotaþola að gættum 1. málslið 3. mgr. 174. gr. laga nr. 88/2008 og 1. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008. Ákærði hefur viðurkennt bótaskyldu og ber ekki brigður á fjárhagslegt tjón brotaþola, en telur efni til að lækkunar á fjárhæð kröfu um miskabætur. Með vísan til þessa og gagna til stuðnings kröfu brotaþola að því leyti, sem bera með sér tjón brotaþola vegna háttsemi ákærða, er fallist á kröfu um skaðabætur vegna fyrrgreinds fjárhagslegs

tjóns brotaþola að fjárhæð 58.401 króna. Þá þykir ákærði með háttsemi sinni einnig hafa bakað sér bótaábyrgð gagnvart brotaþola á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og hefur viðurkennt skyldu sína til greiðslu bóta af því tagi. Framlögð gögn styðja að brotaþoli hafi orðið fyrir áverkum og upplifað vanlíðan vegna brotsins. Eins og hagar til málinu er fjárhæð miskabóta ákveðin 600.000 krónur. Um vexti fer samkvæmt því sem greinir í dómsorði, en bótakrafa brotaþola var kynnt ákærða 5. apríl 2024. Um málskostnað brotaþola á rannsóknarstigi og fyrir dómi fer í einu lagi samkvæmt 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 og verður ákærða gert að greiða brotaþola málskostnað, sem með hliðsjón af tímaskýrslu, efni og umfangi þykir hæfilega ákveðinn 350.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Sakarkostnaður málsins samanstendur af kostnaði við öflun læknisvottorða við rannsókn málsins og þóknunar verjanda ákærða, en með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 verður ákærði dæmdur til að greiða þennan kostnað. Hann nemur 81.152 krónum vegna rannsóknaraðgerða og þykir þóknun verjanda ákærða, Styrmis Gunnarssonar lögmanns, vegna starfa hans í þágu ákærða á rannsóknarstigi og fyrir dómi, með hliðsjón af tímaskýrslu, efni og umfangi málsins, og leiðbeinandi reglum dómstólasýslunnar, hæfilega ákveðin 410.130 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hákon Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Óli Sigdór Konráðsson, sæti fangelsi í tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 658.401 krónu auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 9. september 2023 til 5. maí 2024, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og 350.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði 491.282 krónur í sakarkostnað, þar með talda þóknun verjanda síns fyrir dómi og á rannsóknarstigi, Styrmis Gunnarssonar lögmanns, 410.130 krónur.